

STEFNA

Kjarninn miðlar ehf.
kt. 690413-0190,
Laugavegi 3,
101 Reykjavík,

GIÖRIR KUNNUGT: Að félagið þurfi að höfða mál á hendur Seðlabanka Íslands kt. 560269-4129, Kalkofnsvegi 1, 150 Reykjavík, af því tilefni sem í stefnu þessari greinir.

I. DÓMKRÖFUR:

(1) Að ógilt verði með dómi sú ákvörðun stefnda er tekin var hinn 14. september 2017, að hafna kröfu stefnanda um aðgang að hljóðritun og afritum á símtali milli þáverandi formanns bankastjórnar Seðlabanka Íslands, Davíðs Oddssonar, og þáverandi forsætisráðherra, Geirs H. Haarde, sem átti sér stað 6. október 2008.

(2) Að viðurkenndur verði réttur stefnanda til aðgangs að hljóðritun og afritum á símtali, milli þáverandi formanns bankastjórnar Seðlabanka Íslands, Davíðs Oddssonar, og þáverandi forsætisráðherra, Geirs H. Haarde, sem átti sér stað 6. október 2008.

(3) Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi eða að mati dómsins.

II. MÁLFLUTNINGSUMBOÐ OG FYRIRSVAR:

Fyrirvarsmaður stefnanda er framkvæmdarstjóri félagsins, Hjalti Harðarson, kt. 220576-3619, til heimilis að Sólvallagötu 43, 101 Reykjavík.

Fyrirvarsmaður stefnda er seðlabankastjóri, Már Guðmundsson, kt. 210654-5779, til heimilis að Hávallagötu 20, 101 Reykjavík.

Páll Rúnar M. Kristjánsson hrl., Málflutningsstofu Reykjavíkur, Kringlunni 7, 103 Reykjavík, mun fara með málið fyrir hönd stefnanda.

III. MÁLAVEXTIR:

Stefnandi rekur útgáfustarfsemi og heldur m.a. úti vefmiðlinum www.kjarninn.is. Í þeim tilgangi að upplýsa almenning um liðna atburði, óskaði stefnandi eftir aðgangi frá stefnda að hljóðritun á símtali milli þáverandi formanns bankastjórnar Seðlabanka Íslands, Davíðs Oddssonar, og þáverandi forsætisráðherra, Geirs H. Haarde, sem fram fór 6. október 2008 og fjallaði um lánveitingu til Kaupþings hf. upp á 500 milljónir evra, með tölvupósti þann 6. september 2017 (dskj. 3). Um er að ræða einn þýðingarmesta atburð í nútíma hagsögu sem hafði í för með sér afdrifaríkar afleiðingar fyrir íslenskan almenning. Stefndi tók hins vegar þá ákvörðun að hafna beiðni stefnanda og var stefnanda tilkynnt um ákvörðunina með tölvupósti þann 14. september 2017 (dskj. 4). Stefndi byggði ákvörðunina einvörðungu á því að þagnarskylda hvíldi yfir umræddum upplýsingum. Í synjuninni var eftirfarandi tekið fram:

Rík þagnarskylda hvílir á starfsmönnum Seðlabanka Íslands um allt það sem varðar hagi viðskiptamanna bankans og málefni bankans sjálfs, svo og um önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls, nema dómari úrskurði að upplýsingar sé skylt að veita fyrir dómi eða til lögreglu eða skylt sé að veita upplýsingar lögum samkvæmt, sbr. nánar 1. mgr. 35. gr. laga nr. 36/2001 um Seðlabanka Íslands. Umbeðnar upplýsingar varða hagi bankans sjálfs og eru slíkar upplýsingar háðar þagnarskyldu nema úrskurður dómara eða lagaboð geri bankanum skylt að láta þær af hendi, sbr. einnig úrskurð úrskurðarnefndar um upplýsingamál í máli nr. A-435/2012.

Í kjölfar þess að stefnanda var kynnt ofangreind ákvörðun, óskaði hann eftir að stefndi tæki afstöðu til þess hvort að höfnunin gildi einnig um afrit af umræddu símtali. Stefndi svaraði og tók fram að ekki skipti máli á hvaða formi umbeðin gögn væru og að upplýsingarnar væru bundnar þagnarskyldu (dskj. 5).

IV. MÁLSÁSTÆÐUR:

A. Um aðild og kröfugerð

Stefndi er aðildarhæft stjórnvald. Aðild stefnda byggir á að stjórnvaldið tók þá ákvörðun sem stefnandi krefst að verði ógilt með dómi. Aðild stefnda er einnig byggð á að umbeðnar upplýsingar eru í vörslu stjórnvaldsins.

Stefnandi telur að ákvörðun stefnda, um að hafna beiðni stefnanda um aðgang að umræddum upplýsingum, sé ólögmat og ógildanleg. Ógilding stjórnvaldsákvörðunar kemur ekki í öllum tilvikum í veg fyrir að stjórnvald taki efnislega sömu ákvörðun á grundvelli annarra röksemda eða ástæðna. Stefnanda þykir því nauðsynlegt, til að tryggja rétt sinn, að krefjast einnig viðurkenningar á rétti sínum til aðgangs að umbeðnum upplýsingum.

B. Réttur stefnanda til aðgangs að umbeðnum upplýsingum

Stefnandi byggir rétt sinn til aðgangs að umbeðnum upplýsingum á 5. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012. Stefnandi óskaði aðgangs að tilteknum fyrirbyggjandi og aðgengilegum gögnum sem eru í vörslu stefnda. Beiðnin fellur því undir ákvæðið og er í samræmi við fyrirmæli 15. gr. og 16. gr. upplýsingalaga. Stefnandi á þar af leiðandi rétt til aðgangs að gögnunum nema sá réttur sæti takmörkunum samkvæmt ákvæðum 6.-10. gr. upplýsingalaga eða á grundvelli annarra laga.

Höfnun stefnda á beiðni stefnanda byggir á því að upplýsingarnar varði hagi bankans í skilningi 1. mgr. 35. gr. laga nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands. Af þessu leiði að upplýsingarnar séu háðar þagnarskyldu og starfsmönnum bankans óheimilt að láta þær af hendi nema úrskurður dómara eða lagaboð mæli fyrir um slíka afhendingu. Þessu er mótmælt. Ákvörðunin varðar ekki innri málefni stefnanda auk þess sem að annar aðili samtalsins sem um ræðir er ekki starfsmaður bankans né hins endanlega lántaka. Þá varðar símtalið allan almenning og þjóðarbúið. Réttur til umræddra upplýsinga er því ríkur.

Umrædd ákvörðun samrýmist því til viðbótar ekki orðalagi 1. mgr. 35. gr. laga nr. 36/2001. Stefnandi gerir ráð fyrir að stjórnvaldið hafi verið að vísa til þess að umræddar upplýsingar varði málefni bankans sjálfs í skilningi ákvæðisins. Í dómaframkvæmd Hæstaréttar hefur verið byggt á að 1. mgr. 35. gr. laga nr. 36/2001 sé sérstakt ákvæði um þagnarskyldu sem gangi framur reglum um upplýsingarétt eftir II. og III. kafla upplýsingalaga, sbr. 3. mgr. 4 gr. upplýsingalaga. Þetta eitt og sér hefur hins vegar ekki verið talið útiloka að krafa um afhendingu upplýsinga nái fram að ganga.

Í 1. mgr. 35. gr. laga nr. 36/2001 er tekið fram að bankaráðsmenn, seðlabankastjóri, aðstoðarseðlabankastjóri, nefndarmenn í peningastefnunefnd og aðrir starfsmenn Seðlabanka Íslands séu bundnir þagnarskyldu m.a. um allt það sem varðar hagi viðskiptamanna bankans og málefni bankans sjálfs. Ákvæðið á samkvæmt orðanna hljóðan við um *almenna* trúnaðarskyldu starfsmanna bankans og er ætlað að tryggja trúnað þeirra í starfi og eftir að því lýkur.

Markmið ákvæðisins er samkvæmt skýru orðalagi þess að takmarka rétt starfsmanna til að tjá sig á almennum vettvangi og standa í vegi fyrir mögulegu lausmælgis þeirra. Þannig getur ákvæðið t.d. staðið í vegi fyrir því að frásagnir einstakra starfsmanna séu gerðar opinberar, sbr. Hrd. 329/2014. Ákvæðið á hins vegar ekki við um bankann sjálfan. Þannig bindur ákvæðið ekki bankann né takmarkar rétt hans eða skyldu til upplýsingagjafar. Í umræddri synjun felst því mistúlkun á þessu ákvæði og er því ranglega beitt við töku ákvörðunar sem verður að endingu ólöglegt. Leiðir það til þess að fallast ber á dómkröfur stefnanda. Þá ber að nefna að almenn ákvæði um þagnarskyldu takmarka ekki rétt til aðgangs að gögnum samkvæmt lögum nr. 140/2012, sbr. 3. mgr. 4. gr. laganna.

Eins og áður segir byggir stefndi höfnun sína á því að umbeðnar upplýsingar varði hagi bankans og er þá væntanlega um að ræða skírskotun til orðalagsins „málefni bankans sjálfs“. Í athugasemdum í greinargerð með frumvarpi því sem varð að upplýsingalögum er tekið fram að það fari eftir efni og orðalagi sérákvæðis um þagnarskyldu, og þá fyrst og fremst hvaða hagsmuni ákvæðinu er ætlað að vernda, hvernig slíkt ákvæði verður skýrt og samþýtt ákvæðum upplýsingalaga. Ef sérákvæði um þagnarskyldu er ætlað að vernda sömu hagsmuni og ákvæði 6.-10. gr. upplýsingalaga ber, samkvæmt lögskýringargögnum, að skýra slík sérákvæði til samræmis við upplýsingalög að svo miklu leyti sem er hægt.

Af framangreindu leiðir að *ekki* skal skýra orðalagið „málefni bankans sjálfs“ í skilningi 1. mgr. 35. gr. laga nr. 36/2001 með þeim hætti að hvaðeina sem tengist slíkum málefnum skuli teljast undanskilið á grundvelli ákvæðisins. Skýra skal ákvæðið til samræmis við takmarkanir upplýsingalaga með þeim hætti að meira þurfi að koma til svo hægt sé að undanþiggja upplýsingar er varða málefni bankans.

Að mati stefnanda kemur einkum til greina að skýra 1. mgr. 35. gr. laga nr. 36/2001, að því varðar málefni bankans sjálfs, til samræmis við 10. gr. upplýsingalaga. Þannig verða að liggja fyrir mikilvægir almannahagsmunir sem réttlæta að viðkomandi upplýsingar séu undanþegnar á grundvelli 1. mgr. 35. gr. laga nr. 36/2001. Eins og gefur að skilja, hefur stefnandi ekki undir höndunum hljóðrit viðkomandi samtals né afrit þess. Stefnandi leyfir sér þó að draga í efa að viðkomandi samtal innihaldi upplýsingar sem varði málefni bankans með slíkum hætti að undanþiggja verði upplýsingarnar á grundvelli 1. mgr. 35. gr. laga nr. 36/2001. Að auki telur stefnandi að þeir hagsmunir sem þagnarskylduákvæðinu var ætlað að vernda, ef einhverjir voru, séu löngu liðnir undir lok þar sem hartnær tíu ár eru frá því að umrætt samtal átti sér stað. Má í því samhengi benda á að lántakinn hefur nú sætt slitameðferð og afdrif lánsins ljós. Skal því veita stefnanda aðgang að umbeðnum upplýsingum.

Þá er einnig á því byggt að framangreind synjun brjóti gegn meðalhófsreglu þar sem að stjórnvaldinu var í lófa lagið að afhenda umræddar upplýsingar, þó þannig að afmáður væri sá hluti þeirra sem mögulega gæti fallið undir þá verndarhagsmuni sem að stjórnvaldið ber fyrir sig, teldi það slíka hagsmuni vera til staðar, sem þó er mótmælt. Þannig gekk hið stefnda stjórnvald lengra en nauðsynlegt var í að standa vörð um meinta hagsmuni á kostnað upplýsingaréttar stefnanda og um leið alls almennings. Þannig ber einnig skv. 3. mgr. 5. gr. upplýsingalaga að veita aðgang að þeim hluta gagns sem takmarkanir eiga ekki við um. Það var ekki gert. Þá var málið ekki rannsakað með fullnægjandi hætti t.d. með því að kalla eftir afstöðu þeirra sem hlut kunna að eiga að máli. Allt veldur þetta því að umrædd synjun er ógildanleg og er krafist dóms þar að lútandi.

Þá telur stefnandi að við mat á beiðni hans um afhendingu gagnanna þurfi að líta til stöðu og skyldna stefnanda sem fjölmiðils í lýðræðissamfélagi. Réttur fjölmiðla til þess að taka við og skila áfram upplýsingum og hugmyndum skiptir meginmáli fyrir almenning. Beiðni stefnanda lýtur að umræðum valdhafa um umfangsmiklar efnahagsaðgerðir sem snertu allan almenning. Það er hornsteinn lýðræðis og forsenda

réttarríkis að fjölmiðlar fjalli um brýn málefni með sjálfstæðum rannsóknum á upplýsandi hátt. Svo hægt sé að fjalla um þessi málefni er nauðsynlegt að réttur til upplýsinga sé tryggður með fullnægjandi hætti og að takmarkanir á þeim rétti séu ekki túlkaðar með rýmkandi hætti.

Staða fjölmiðla og mikilvægi þeirra er alþekkt. Má einnig nefna því til staðfestingar fjölmarga dóma Mannréttindadómstóls Evrópu þar sem að staða, mikilvægi og réttindi fjölmiðla eru tíunduð og staðfest. Framangreind synjun um upplýsingar brýtur því gegn því fjölmiðlafrelsi sem er hluti af tjáningarfrelsinu, sem tryggt er samkvæmt dómaframkvæmd í 10. gr. Mannréttinasáttmála Evrópu sem og 73. gr. stjórnarskrár, enda grundvallarhluti þess að taka við og skila áfram upplýsingum og hugmyndum.

Það ber að skýra heimild til þeirrar synjunar sem að mál þetta tekur til með hliðsjón af og til samræmis við þjóðréttarlegar skuldbindingar, m.a. á sviði mannréttindamála, sem eiga að tryggja rétt til upplýsinga og miðlunar þeirra. Í frumvarpi með upplýsingalögum er hlutverk fjölmiðla sérstaklega rakið en þar kemur fram að *í nútíma lýðræðisþjóðfélagi er það talið sjálfsagt að almenningur eigi þess kost að fylgjast með því sem stjórnvöld hafast að, ýmist beint eða fyrir milligöngu fjölmiðla. Liður í því er að hver og einn geti fengið aðgang að upplýsingum um mál sem til meðferðar eru hjá stjórnvöldum, jafnvel þótt það snerti ekki hann sjálfan*. Samkvæmt þessu er ljóst að sjónarmið um gegnsæi í stjórnsýslunni er ráðandi sjónarmið sem hafa verður almennt í huga við skýringu og beitingu á ákvæðum upplýsingalaga. Með umræddri beiðni rækir stefnandi þá skyldu sína að upplýsa almenning um stærstu yfirfærslu fjármuna almennings í Íslandssögunni.

Stefnandi telur að fyrirmæli 1. mgr. 35. gr. laga nr. 36/2001 standi dómkröfum hans ekki í vegi. Þá telur stefnandi ljóst að takmarkanir á grundvelli ákvæða 6.-10. gr. upplýsingalaga eigi ekki við í málinu. Af þessu leiðir að stefnandi á rétt á umbeðnum upplýsingum á grundvelli 5. gr. upplýsingalaga. Höfnun stefnda á beiðni stefnanda er því í ósamræmi við ákvæði upplýsingalaga og efnislega röng. Ákvörðunin er haldin verulegum efnisannmarka og ógildanleg. Verulegir efnisannmarkar á stjórnvaldsákvörðun eiga með réttu að leiða til ógildingar hennar nema sérstaklega sé sýnt fram á önnur atriði sem réttlæta að ógilda ekki ákvörðun. Slíkar ástæður eru ekki fyrir hendi í málinu og krefst stefnandi þess að stjórnvaldsákvörðun stefnda verði ógilt með dómi þar að lútandi og að fallist verði á viðurkenningarkröfu hans.

V. LAGARÖK OG AÐRAR MÁLSÁSTÆÐUR:

Kröfum sínum til stuðnings vísar stefnandi til almennra reglna stjórnsýsluréttar og ákvæða upplýsingalaga nr. 140/2012, einkum 3., 5., 10., 15 og 16 gr. laganna. Þá vísar stefnandi til laga nr. 62/1994, um mannréttinasáttmála Evrópu, einkum 10. gr. hans, og 73. gr. stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944. Um heimild sína til að setja fram viðurkenningarkröfu vísar stefnandi til 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála.

Kröfum sínum um greiðslu um málskostnað styður stefnandi við 129. og 130. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála. Um fyrirsvar vísast til 5. mgr. 17. gr. laga, um meðferð einkamála, og um varnarþing vísast til 4. mgr. 33. gr. sömu laga.

VI. ÁSKILNAÐUR:

Stefnandi áskilur sér rétt til að bera fram frekari málsástæður og mótmæli, leggja fram frekari gögn, kalla til vitni, breyta og/eða auka við dómkröfur eða aðild, með eða án framhaldsstefnu eða sakaukastefnu á síðari stigum málsins og allt þar til málið verður dómtekið. Sérstaklega er áskilinn réttur til að bregðast við málsástæðum og rökstuðningi stefnda.

VII. ÁSKORUN OG FYRIRKALL.

Því stefnist hér með Má Guðmundssyni, seðlabankastjóra, kt. 210654-5779, til heimilis að Hávallagötu 20, 101 Reykjavík, f.h. Seðlabanka Íslands, til þess að mæta á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur í dómsal 2 í dómhúsinu við Lækjartorg klukkan 10:00, þann 26. október 2017, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, á dómkröfur og sókn sakar að hlýða, til saka að svara, á réttarkröfur að hlýða og leggja fram gögn af sinni hálfu. Ef ekki verður mætt af hálfu stefnda við þingfestingu málsins má hann búast við því að útivistardómur gangi í málinu.

Stefnufrestur er þrír sólarhringar.

Virðingarfyllst,

Páll Rúnar M. Kristjánsson hrl.

-MÁLFLUTNINGSSTOFA REYKJAVÍKUR|REYKJAVIK LEGAL-

Mér löglega birt sem fyrirvarsmanni stefnda og mun ég sækja dómþing við þingfestingu málsins og taka til varna af hálfu stefnda. Samrit stefnunnar hefur verið afhent mér. Fallið er frá stefnufresti.

Reykjavík, . 2017
F.h. Seðlabanka Íslands,

Sigríður Logadóttir hdl.

SKRÁ

stefnanda yfir framlögð skjöl í héraðsdómsmálinu nr. E- /2017:

Kjarninn miðlar ehf.
gegn
Seðlabanka Íslands

1. Stefna.
2. Skjalaskrá þessi.
3. Beiðni stefnanda, dags. 6. september 2017.
4. Höfnun stefnda, dags. 14. september 2017.
5. Tölvupóstssamskipti.